

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

1. tbl. 4. árg.

14. janúar 2026



Björgunarsveitin Berserkir bauð viðstöddum upp á glæsilega flugeldasýningu við brennuna á þrettándanum þegar jólahátíðin var kvödd í köldu en stilltu veðri.

Jólin kvödd með þrettándabrennu

Fjöldi fólks kvaddi jólahátíðina með pompi og prakt á þrettándanum, þriðjudaginn 6. janúar sl., í Stykkishólmi. Friðarganga, sem frestaðist vegna veðurs á Þorláksmessu, var gengin frá Hólmgarði inn að brennu við

Vatnsás í köldu og stilltu veðri. Þegar gangan kom að brennu höfðu slökkviliðsmenn raðað sér hátíðlega upp og héldu rauðum neyðarblysum á lofti sem lýstu svæðið upp með fallegum rauðum blæ. Nemendur níunda bekkjar tilkynn-

tu um val sitt á best skreytta húsinu yfir jólin 2025 og voru það hjónin Dagbjört Bæringsdóttir og Guðmundur Gunnlaugsson að Hjallatanga 4 sem hrepptu titilinn. Við brennuna seldu nemendur sjöunda bekkjar heitt súkku-

laði í fjáröflunarskyni og gömlu þrettándalögin ómuðu um svæðið. Þrettándagleðinni lauk svo með glæsilegri flugeldasýning í boði Björgunarsveitarinnar Berserkja sem fagnað var með dynjandi lófataki.

Unglingastig GSS styrkir Björgunarsveitina Berserki



Nemendur á unglingastigi færa Berserkjum styrk að upphæð 300.000 kr.

Nemendur á unglingastigi í Grunnskólanum í Stykkishólmi ráku smiðshöggð á skemmtilegt verkefni sitt skömmu fyrir jólin. Verkefnið gekk út á að kynna sér hin ýmsu góðgerðar-

samtök og þeirra störf. Nemendur kusu að lokum um hvaða samtök þau vildu styrkja og varð Björgunarsveitin Berserkir fyrir valinu. Nemendur héldu glæsilegan jólamarkað þar

sem þau seldu varning, smákökur og kakó. Viðstöddum var boðið að taka þátt í happdrætti og nokkrir nemendur fluttu tónlistaratriði. Allur ágóði af markaðnum var svo færður Björgu-

narsveitinni Berserkjum. Á myndinni hér að ofan má sjá stoltan hóp nemenda afhenda Jóhönnu Maríu, fulltrúa Berserkja, styrk að upphæð 300.000 kr.

Stoppistöð Strætó færð að sundlauginni



Leiðakerfi Strætó.

Strætó hefur tilkynnt um breytingar á leiðakerfi sínu sem tóki gildi 1. janúar 2026. Með

breyttu leiðakerfi er stigið skref í átt að betri og aðgengilegri almenningssamgöngum

á landsbyggðinni, segir á vef Strætó. Ennfremur segir þar að markmiðin séu að þjónusta

sem best atvinnu- og skólasókn, tengja áfram landshluta og vinna að tengingu milli leiðakerfa landsbyggðar- og innanbæjarvagna. Helsta breyting sem snýr að Strætó er sú að stoppstöð sem áður var við Bensó/Skúrinn hefur nú verið færð að íþróttamiðstöðinni. Þá hefur einnig ný tímatafla tekið gildi. Hægt er að kynna sér breytingar á leiðakerfinu nánar á vef Strætó.

Hátíðartónleikar Tónlistarskóla Stykkishólms



Húsfyllir var á glæsilegum tónleikum Tónlistarskóla Stykkishólms í desember.

Hátíðartónleikar Tónlistarskóla Stykkishólms fóru fram í Stykkishólmskirkju þriðjudaginn 16. desember síðastliðinn. Fjöldi nemenda komu fram á tónleikunum og stóðu sig með prýði. Tónleikarnir voru vel

sóttir og viðstöddum skýr staðfesting á því góða starfi sem unnið er innan veggja Tónlistarskóla Stykkishólms. Þóra Margrét Birgisdóttir, skólastjóri, tók sér stöðu kynnis á tónleikunum og spilaði að lokum

á þverflautu í lokalagi tónleikana sem flutt var af stórum hóp nemenda og kennara. Í skólanum eru 103 nemendur í einkatímum og 58 nemendur í hóptímum, þar af eru 34 nemendur í lúðrasveit. Vinsælasta

hljóðfærið um þessar mundir er píanó, en 34 nemendur eru að læra á píanó, 19 stunda söngnám og 15 slá taktinn á trommurnar. Þar að auki er kennt á fjölmörg blásturs- og strengjahljóðfæri í skólanum.

Sex sóttu um stöðu launafulltrúa



Sveitarfélagið auglýsti nýverið stöðu launafulltrúa lausa og óskaði eftir umsóknum fyrir 30. desember. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi. Næsti yfirmaður launafulltrúa er skrifst-

ofu- og fjármálastjóri. Starfshlutfall er 100% og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. mars 2026 eða eftir samkomulagi. Alls sóttu sex um stöðuna og er nú unnið úr umsóknum.

Nýtt sorphirðudagatal komið út



Einar Marteinn Bergþórsson.

Sorphirðudagatal fyrir árið 2026 er komið út og má nálgast það á stykkisholmur.is. Vakin er athygli á því að losunardagar geta breyst

án fyrirvara, t.d. vegna veðurs. Komi sú staða upp verður upplýst um það á vef sveitarfélagsins og losað við fyrsta tækifæri.

Fjárhagsáætlun samþykkt



Áhugasamur hópur á Höfðaborg hlustar á kynningu um vinnu við gerð aðalskipulags.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms samþykkti þann 11. desember síðastliðinn, fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 og þriggja ára áætlun 2027–2029. Áætlunin er unnin út

frá forsendum og markmiðum sem bæjarstjórn setti í upphafi vinnu við gerð fjárhagsáætlunar og er afrakstur góðrar samvinnu kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélag-

sins. Hún endurspeglar ábyrga fjármálastjórn, jákvæðan rekstur og nauðsynlegar en hóflegar innviðafjárfestingar. Í fjárhagsáætlun er lögð rík áhersla á aðhald og ábyrgð í rekstri sve-

itarfélagsins á sama tíma og þjónusta við íbúa er tryggð og efld. Fjárhagsáætlunin byggir á jafnvægi í rekstri, sterku veltufé frá rekstri og markvissri lækkingu skulda og skuldaviðmiðs á næstu árum.

Áætlunin var kynnt á íbúafundi á Höfðaborg 8. desember síðastliðinn, þar sem íbúum gafst kostur á að spyrja og leggja fram ábendingar. Á fundinum var einnig kynnt vinna við nýtt aðalskipulag. Sú vinna er á byrjunar metrum en í aðalskipulaginu verður mörkuð framtíðarstefna sveitarfélagsins í þróun þéttbýlis og dreifbýlis. Nánar verður fjallað um fjárhagsáætlun í næsta tölublaði.

Þorrablót verður haldið 7. febrúar 2026

Þorrablót verður haldið í Íþróttamiðstöð Stykkishólms þann 7. febrúar næstkomandi. Formenn nefndarinnar í ár eru þau Páll Vignir Þorbergsson og Steinunn I. Magnúsdóttir. Nefndin æfir stíft þessa dagana og er óhætt að gera ráð fyrir miklum dýrðum þegar stóra stundin rennur upp, enda af nægu efni að taka. Blótið var fyrst haldið í íþróttamiðstöðinni árið 2020 en hafði áður verið haldið á Hótel Stykkishólmi. Eftir að viðburðurinn var fluttur í íþróttamiðstöðina gefst

pláss fyrir töluvert fleiri gesti, en undanfarin ár hafa æ fleiri brottfluttir Hólmarar sótt þorrablótin sem fara vaxandi í umfangi og mannfjölda ár frá ári. Nefndin byggir upp spennu þessa dagana með því að deila klippum af æfingum og öðrum skemmtilegu á samfélagsmiðlum, sem er nú orðinn fastur liður í aðdraganda blótsins. Jafnan er það yngri kynslóðin sem fær sín notið í þessum efnum en áhugasamir geta fylgst með bráðskemmtilegum innsögum á Instagram undir *thorrafagnadursth*



Íslandsmót í Pítró



Keppendur sem komust á verðlaunapall. Mynd: Lárus Ástmar Hannesson.

Hið árlega Íslandsmót í Pítró var haldið á Höfðaborg 27. desember síðastliðinn. Mótið var áður fastur liður jólahátíðarinnar í Helgafellssveit, þegar spilað var í Félagsheimilinu Skildi. Í fyrra varð svo breyting þar á þegar Setrinu, sem nú hýsir félagsmiðstöðina X-ið. Nú í ár fór mótið fram í nýja Setrinu á Höfðaborg

og tókst vel til. Þátttaka var góð en 30 manns tóku þátt í mótinu. Til samanburðar tóku 38 manns þátt í síðasta jólamóti. Sigurvegarar mótsins í ár, og þar með Íslandsmeistarar, voru þau Vaka Ólafsdóttir og Hafþór Benediktsson. Í öðru sæti voru Þröstur Auðunsson og Högni Högnason og í þriðja sæti voru Sævar Benediktsson og Viktoría Sif. Skipuleggiendur mótsins gera ráð fyrir að næsta mót verði haldið um páskana.

Úthlutað úr lista- og menningarsjóð



Stjórn Lista og menningarsjóðs kom saman til fundar föstudaginn 7. janúar sl. í Ráðhúsinu í Stykkishólmi. Til fundarins mættu Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Haukur

Garðarsson og Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir. Verkefni stjórnar var að að fara yfir og meta þær fimm styrkumsóknir sem borist höfðu fyrir fundinn. Farið var yfir

umsóknir og samþykkt að veita eftirtöldum styrki. Leikfélagið Grímnir hlaut styrk að upphæð 300.000 kr. Leikfélagið sótti um styrk fyrir leiklistarnámskeið sem

félagið hyggst bjóða uppá í Stykkishólmi. Ingibjörg Friða Helgadóttir hlaut styrk að upphæð 100.000 kr. Ingibjörg sótti um styrk fyrir jazztónleikum á Hraðilegri helgi í Hólminum sem haldin verður í febrúar. Anna Melsteð hlaut styrk að upphæð 100.000 kr. Anna Melsteð sótti um styrk fyrir sögumiðlum í Stykkishólmi. Skógræktarfélag Stykkishólms og útikennsluteymi Grunnskólans í Stykkishólmi hlaut styrk að upphæð 250.000 kr. Sótt var um styrk fyrir verkefninu jólaskógur í Nýrækt.

Félags- og skólaþjónustan flytur vinnuaðstöðu á Höfðaborg



Verið er að standsetja skrifstofurými Félags- og skólaþjónustuna á Höfðaborg.

Félags- og skólaþjónustan Snæfellinga er í eigu og rekstri sveitarfélaganna á Snæfellsnesi. Hlutverk hennar er að annast skólaþjónustu við grunn- og leikskóla aðildarsveitarfélaganna

sem og félagsþjónustu, barnavernd, málefni fatlaðs fólks og stuðningsþjónustu. Stofnunin hefur aðsetur að Klettsbúð 4 á Hellissandi en auk þess hafa starfsmenn vinnu- aðstöðu á bæjarskrifsto-

funni í Grundarfjarðarbæ og undanfarin ár á sýsluskrifstofunni í Stykkishólmi. Nú verður hins vegar breyting þar á en undanfarið hafa starfsmenn sveitarfélagsins unnið að því að stand-

setja tvær skrifstofur á efri hæð Höfðaborgar og munu starfsmenn Félags- skólaþjónustunnar nýta þær sem sitt vinnurými í Stykkishólmi. Engar breytingar hafa þó orðið á framtíðaráformum fyrir efri hæð Höfðaborgar en fyrir liggja teikningar af fjórum íbúðum sem sveitarfélagið hefur í hyggju að bæta við þær leiguíbúðir sem fyrir eru í húsinu þegar fram líða stundir. Ekki hefur þó verið tekin ákvörðun um hvenær ráðist verður í þær framkvæmdir og því farsælt að nýta húsnæðið sem best þangað til en aðstaðan hentar Félags- og skólaþjónustunni afar vel, enda sinnir hún m.a. þjónustu við eldra fólk.

Lyfta í Grunnskólanum



Gísli Sveinn Gretarsson, kennari við Grunnskólann í Stykkishólmi.

Í lok síðasta árs stóðu umfangsmiklar og langþráðar framkvæmdir yfir í Grunnskólanum í Stykkishólmi þe-

gar lyftu var komið fyrir í húsinu. Framkvæmdir gengu vel og hefur lyftan nú verið tekin út af úttektaraðila og fengið

grænt ljós til notkunar. Smávægilegur frágangur er eftir í kringum lyftuna og verður gengið frá því á næstu vikum.

Lengi hefur staðið til að koma lyftu í gagnið í skólanum en lyftugatið hefur staðið tómmt frá því skólinn var byggður. Lyftan er mikil búbót við skólann og stór liður í því að bæta aðgengi fyrir alla í stofnunum sveitarfélagsins. Á myndinni hér til hliðar má sjá Gísla Svein Gretarsson, kennara við grunnskólann. "Lyftan kemur sér sérstaklega vel fyrir okkur kennara sem hingað til höfum þurft að rogast með þungar bækur upp og niður stigann" - segir Gísli kíminn.

Nýárspistill bæjarstjóra – Samfélag í vexti



Jakob Björgvin, bæjarstjóri.

Við áramót er gamall og góður siður að horfa um öxl og líta yfir farinn veg. Slík tímamót gefa okkur tækifæri til að þakka fyrir það sem áunnist hefur á liðnu ári, draga lærdóm af þeim áskorunum sem við höfum staðið frammi fyrir og ekki síst tilefni til að horfa björtum augum til framtíðar enda er full ástæða til.

Árið 2025 var viðburðaríkt í sveitarfélaginu, hvort sem litið er til menningar, tómstunda og/eða lista, atvinnumála eða framkvæmda og annarrar uppbyggingar í samfélaginu. Af hálfu sveitarfélagsins var megináhersla ársins að mæta vexti samfélagsins með nauðsynlegri innviðauppbýggingu, sér í lagi í ljósi stöðugarar íbúafjölgunar síðastliðinna tíu ára, og leggja þannig um leið traustan grunn að áframhaldandi framþróun sveitarfélagsins.

Margt var um að vera á árinu og ógerningur að gera öllu skil í einum pistli, en hér verður leitast við að draga fram nokkra markverða þætti ársins 2025.

Viðburðaríkt menningarár

Fjöldmargir menningarviðburðir voru haldnir á árinu, bæði stórir og smærri, og endurspegla þeir lifandi og fjölbreytt menningarlíf í sveitarfélaginu.

Þorablót var haldið að gömlum sið í febrúar 2025 og hefur blótið farið stækkandi með ári hverju. Eftir að það var flutt í íþróttamiðstöðina er rýmra um gesti og hefur þátttakendum fjölgað verulega á síðustu árum, líkt og íbúum í sveitarfélaginu. Viðburðir sem áður töldu um 250 gesti eru nú orðnir vel á fimmta hundrað. Aukið rými hefur jafnframt gefið þorablótsnefndinni færi á að útfæra skemmtiatriðin með

fjölbreyttari hætti og er umgjörðin í kringum blótið orðin hin glæsilegasta. Metnaðurinn sem þar endurspeglast lýsir vel þeim gildum og þeim metnaði sem býr í samfélaginu – og samfélög sem byggja á slíkum grunni eru öflug og kraftmikil. Það sem þó vegur þyngst er að þorablótin veita okkur, ekki síst í gegnum skemmtiatriði og sögur sem sagðar eru um samferðarfólk með léttum og skoplegum hætti, nýja sýn á samfélagið og styrkja þannig tengsl okkar hvert við annað.

Rokkhátíðin Sátan fór fram í byrjun júní í annað sinn og tókst vel til. Viðtökur skipuleggjenda og gesta bera með sér að hátíðin standist væntingar og rúmlega það og má því gera ráð fyrir að hún sé komin til að vera. Norðurljósa hátíðin var haldin á árinu, en hún fer fram annað hvert ár til skiptis við Danska daga. Hátíðin heppnaðist vel og voru hjónin frá Hraunhálsi, þau Jóhannes Eyberg Ragnarsson og Guðlaug Sigurðardóttir, heiðruð fyrir öflugt framlag sitt til menningarmála og söguvarðveislu í sveitarfélaginu.

Í nóvember voru 180 ár liðin frá því að Árni Thorlacius hóf samfelldar veðurfarsmælingar

í Stykkishólmi sem hafa staðið óslitið síðan. Af því tilefni var efnt til málþings sem var haldið í Vatnasafninu 11. október síðastliðinn. Í kjölfar málþingsins var opnuð sýning í Norska húsinu, með verkum listamanna undir þemanu Vendipunktur. Markmið hennar var að brúa bil milli samfélags og vísinda og skapa samtal þar á milli. Hera Guðlaugsdóttir átti veg og vanda að viðburðinum en verkefnið var meðal annars styrkt af Safnaráði, Uppbyggingarsjóði Vesturlands og Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Listsýningin og málþingið, sem bar titilinn Andvarinn í himinsfari, var afar vel heppnuð, fróðleg og vel við hæfi við þessi tímamót.

Fjallkonan, aflraunakeppni kvenna, fór fram í júní í Snæfellsbæ og Stykkishólmi. Keppnin var fyrst haldin árið áður og tóku þá margar af sterkustu konum landsins á honum stóra sínum. Mikil ánægja var með keppnina og mætti því fylking hraustra kvenna aftur til leiks á liðnu ári.

Auk þess fóru fram fjölmargar aðrar hátíðir og viðburðir á árinu, þar á meðal Júlíana – hátíð sögu og bóka, Hraðileg helgi, Stykkishólmur Cocktail Week, Skott-

húfan sem hélt upp á 20 ára afmæli sitt á síðasta ári og Tónlistarhátíðin Heima í Hólmi, svo fátt eitt sé nefnt.

Íbúar aldrei fleiri og umfangsmiklar framkvæmdir til að mæta því

Í sveitarfélaginu hefur verið stöðug íbúafjölgun síðustu 10 árin og ef íbúðaupróun heldur áfram sem fram horfir má gera ráð fyrir að íbúafjöldi Stykkishólms og Helgafellssveitar nái sögulegu hámarki á árinu 2026. Það er ánægjulegt hversu margir hafa flutt til okkar, en það kallar á uppbyggingu innviða til samræmis við það og áframhaldandi ábyrga stefnu sveitarfélagsins í þessum efnum. Það er óhætt að segja að á árinu 2025 hafi verið ár framkvæmda að mæta m.a. þessari jákvæðu íbúðaupróun.

Víkurbærverfið tók stakkaskiptum á síðasta ári og eru nú fyrstu íbúar fluttir í hverfið, en gera má ráð fyrir að þeim fjölgi hratt á komandi misserum. Fimm íbúðir eru nú á sölu í hverfinu og mun Brák íbúðafélag auglýsa sínar íbúðir til leigu á næstunni, svo eitthvað sé nefnt. Þá má gera ráð fyrir að Stólpi ehf. hefji framkvæmdir við byggingu tíu nýrra íbúða á mótí Brákar húsunum á næstu mánuðum og þá er ungt fólk jafnframt að byggja

sér ný einbýlishús í hinu nýja hverfi (til viðbótar við íbúðarhúsnæði í byggingu á öðrum svæðum, t.d. í Hjallatanga). Það er því bjart yfir Stykkishólmi enda staðfestir þessi uppbygging þá trú sem fólk hefur á samfélaginu hér.



Víkurbærverfi hefur tekið stakkaskiptum.

Miklar breytingar voru gerðar á húsnæðismálum Grunnskólans í Stykkishólmi, en unnið var markvisst að því á árinu að bæta aðbúnað og innviði skólans. Meðal annars var ráðist í framkvæmdir sem fólu í sér samtals um 350 fermetra viðbyggingar. Þær skiptast í nýjar kennslustofur og kennslurými, um 200 fermetrar, sem tengdar eru við núverandi byggingu grunnskólans og ný rými fyrir tómstunda- og æskulýðsstarf, m.a. fyrir Regnbogaland, um 150 fermetrar, sem tengd eru við Íþróttamiðstöð Stykkishólms. Markmið

sveitarfélagsins með þessum framkvæmdum er að mæta aukinni rýmisþörf skólans og bæta vinnuáðstöðu kennara og starfsfólks. Ný og endurbætt rými gera skólanum kleift að skipuleggja kennslu, stoðþjónustu og frístundastarf með fjölbreyttari, nútí-

Sundlaug Stykkishólms tók jafnframt miklum og jákvæðum breytingum á árinu. Nýtt snjóbræðslukerfi var lagt frá fataklefum að potunum, skipt var um alla potta og glænýjum sauna- og innfra- rauðum klefa var komið fyrir á bakkanum. Mikil

malegri og sveigjanlegri hætti. Nemendur munu einnig njóta aukins rýmis og betri aðstöðu til náms, sköpunar og samveru, sem stuðlar að aukinni vellíðan, virkni og enn jákvæðari skólabrag. Húsnæðin taka sig prýðilega vel út og hafa reynst dýrmæt viðbót við húsakost skólans og tómstundastarf sveitarfélagsins. Auk þess var lyfta sett upp í Grunnskólanum í Stykkishólmi á árinu, sem hefur staðið til frá byggingu skólans, sem mun bæta aðgengi og tryggja betri aðstöðu fyrir alla nemendur og starfsmenn.

aðsókn hefur verið í sundlauginu frá breytingunum enda aðstaðan með besta móti. Þá var lagt nýtt parket á íþróttagólf í Íþróttamiðstöð Stykkishólms.

Umfangsmiklar malbikunarframkvæmdir stóðu yfir í lok september þegar Aðalgata var malbikuð frá Bónus að afleggjara Búðanesveg. Einnig var malbikaður stór hluti Borgarbrautar, allt Víkurbærverfið og minni blettir hér og þar um bæinn. Þá var ráðist í töluverðar framkvæmdir við Aðalgötuna í Stykkishólmi í júlí þegar skipt var út gamalli fráveitulögn áður en

nýtt malbik fór á götuna, ásamt lagnaframkvæmdum við Borgarbraut og víðar. Framkvæmdin var umfangsmikil og fór eflaust ekki framhjá neinum sem átti leið um

sem liggja að og í sveitarfélaginu. Snemma á árinu funduðu sveitarstjórnir á Vesturlandi með Krístrúnu Frostadóttur, forsætisráðherra, vegna hættuástands á vegum á

vægi hans. En vegurinn er nú loks forgangsverkefni í samgönguáætlun og mun sveitarfélagið halda áfram að fylgja málinu fast eftir gagnvart Alþingi, inn-

rætt gjald myndi koma til með að hafa á komur skemmtiferðaskipa sem raungerðist á árinu. Hefur gjaldið nú verið lækkað og mun það skýrast fljótlega hver komi til með að vera langtímaáhrif þessarar vegferðar ríkisins.



Mikil breyting hefur orðið á húsakosti Grunnskólans í Stykkishólmi.

Hólminn á meðan framkvæmdum stóð.

Á árinu var ráðist í hraðatakmarkandi aðgerðir á Silfurgötu til að mæta ákalli íbúa um að bæta umferðaröryggi, en ákall um bætt umferðaröryggi kom m.a. fram í umhverfissgöngu á árinu 2019. Áfram verður horft til umferðaröryggis í áhrslum sveitarfélaginu á komandi misserum og árum á grunni fyrirliggjandi vinnu.

Allt þetta og margt fleira var ráðist í á árinu.

Áherslur bæjarstjórnar gagnvart ríkinu skiluðu árangri

Á árinu 2025 beitti bæjarstjórn sér af krafti fyrir uppbyggingu þjóðvega

Vesturlandi. Það skilaði sér í stórbættum fjárfraðlögum til viðhalds vega á Vesturlandi, ekki síst Snæfellsnesvegum milli Stykkishólms og Borgarness.

Bæjarstjórn lagði þunga áherslu á árinu á mikilvægi skelbóta, fyrst gangvart matvælaráðherra og síðar gagnvart innviðaráðherra eftir að málflokkurinn færðist til þess ráðuneytis. Voru á árinu send fjöldi ályktana og áskorana á bæði innviðaráðherra og þingmenn vegna málsins, sem fylgt var eftir á ótal fundum.

Þá hefur bæjarstjórn margofter fjallað um málefni Skógarstrandarvegar og mikil-

viðaráðherra og Vegagerðinni.

Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu á árinu 2025 að krafa ríkisins um að eyjar og sker við landið verði þjóðlendur eigi ekki við rök að styðjast, en bæjarstjórn hafði andmælt harðlega áformum ríkisins í þeim efnum. Landey, Þórishólmi og Súgandisey, svo einhverjar eyjur séu nefndar, verða því áfram í eigu sveitarfélagsins.

Innviðagjald á skemmtiferðaskip var lækkað undir lok árs. Bæjarstjórn, á grunni vinnu atvinnu- og nýsköpunarnefndar Stykkishólms, hafði ítrekað bent á það hver-su neikvæð áhrif um-

Að lokum er rétt að minnst á að sveitarfélagið tók á móti Ríkisstjórn Íslands í ágúst sl., en ríkisráðsfundur var haldinn í Stykkishólmi ásamt því að ríkisstjórnin fundaði með sveitarstjórnarfólki á Vesturlandi og heimamönnum. Ríkisstjórnin bauð jafnframt félagsmönnum Aftanskins og öðru eldra fólki í sveitarfélaginu til kaffisamsætis á Höfðaborg. Heimsókn ríkisstjórnarinnar gekk mjög vel og þakkaði forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar kærlega fyrir góðar móttökur og sérstaklega skemmtilega samkomu með eldra fólki í Stykkishólmi.

Önnur samfélagsmál árið 2025

Fjöldmörg önnur stóðu uppúr á nýliðnu ári. Má þar á meðan nefna eftirfarandi:

- Af vettvangi Eyrbyggjúsögufélagsins voru fyrstu sporin tekin í Eyrbyggjufil haustið 2025.
- Ritað var undir nýjan samstarfssamning milli Sveitarfélagsins Stykkishólms og Umf. Snæfells þar sem

stuðningur sveitarfélagsins við félagið var aukinn svo um munar.

- Snæfell náði góðum árangri í 1. deildinni og hreif Hólmara og Snæfellinga alla með sér.
- Árið 2025 var að hlýjasta í Stykkishólmi frá upphafi mælinga, áður hafði árið 2016 verið það hlýjasta.
- Hólmarar tóku til hendinni á stóra plokkeginum í apríl og plokkuðu í nánasta umhverfi af krafti.
- Aðstaða fyrir gesti tjaldsvæðis var stórbætt þegar ný viðbygging golfskálans var tekin í notkun.
- Samþykkt var að hefja samningaviðræður við Skipavík um umfangsmikla uppbyggingu íbúðahúsnæðis í Víkurhverfi.
- Félagsheimilið Skjöldur hefur vaxið í vinsældum eftir að aðstaðan var bætt og fjárfest í búnaði. Mikil aðsókn er í að halda viðburði og veislur í húsinu.
- Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga hefur fært aðsetur sitt í Stykkishólmi frá sýsluskrifstofunni í Höfðaborg.
- Nýr sóknarprestur hefur tekið til starfa í Stykkishólmsprestakalli. Vil ég nýta þetta tækifæri og bjóða Hildu Maríu Sigurðardóttur velkomna til starfa. Þá vil ég skila kæru þakklæti til séra Gunnars Eiríks Hauksónar fyrir sitt framlag til samfélagsins okkar.
- Björgunarsveitin Berskir hélt á dögumum

upp á 50 ára afmæli og bauð félagið gestum og gangandi að þiggja kaffiveitingar af því tilefni.

- Boðað var til kvennaverksfalls í Stykkishólmi líkt og víða annarsstaðar um landið í október. Sveitarfélagið tók sem fyrr undir þau meginmarkmið kvennaverksfalls að hefðbundin kvennas-törf, jafnt launuð sem ólaunuð, skuli meta að verðleikum.
- Annar fundur bæjarstjórnar unga fólksins fór fram í maí 2025. Bæjarstjórn unga fólksins er skipuð ungmennum

heiðra og halda á lofti sögu vesturfara og hjálpa fólki í Norður-Ameríku, og annars staðar í heiminum, að finna og efla tengsl sín við Ísland.

Skipulags- og umhverfismál

Umhverfisganga bæjarstjóra var gengin í september. Með göngunni er íbúum m.a. gefinn kostur til að koma ábendingum á framfæri og hafa þannig áhrif á eigið umhverfi. Þátttaka var góð og fjöldi góðra ábendinga komust til skila og nýttast bæjarfull-

óhreyfða báta og vagna sem liggja jafnvel undir skemmdum. Sveitarfélagið fór þess á leit við eigendur báta og lausafjármuna á svæðinu að þeir fjarlægðu eigur sínar sem stóðu utan lóða á svæðinu og hefur svæðið tekið stakkaskiptum síðan.

Skipulagsmál eru oft á tíðum áberandi í starfi sveitarfélaga enda koma þau okkur öllum við. Á liðnu ári var skipulag fyrir Agustsonreitinn klárað. Sama gildir um skipulag fyrir atvin-



Ráðist var í umfangsmiklar malbikunarframkvæmdir á árinu.

úr ungmennaráði sem sjá um fundarstjórn og undirbúning fundar. Á fundinum kynntu fulltrúar bæjarstjórnar unga fólksins áherslumál sín og bæjarfulltrúar brugðust við.

- Nýtt skilti til minningar um vesturfara var afhjúpað á höfninni í Stykkishólmi. Skiltið er unnið í samvinnu við ættfræðifélagið Icelandic Roots. Félagið hefur það að markmiði að

trúum og starfsfólki sveitarfélagsins á komandi tímum.

Undanfarið hefur mikil breyting orðið á hafnarsvæði við Skipavík. Sveitarfélagið auglýsti í lok síðasta sumars að til staði að ráðast í tiltekt á svæðinu. Greint var frá áherslu hafnarstjórnar á að fegra og snyrta hafnarsvæðið við Skipavíkurhöfn, sér í lagi hvað varðar

nusvæði við Hamraenda og Kallhamar og loks fór af stað vinna við nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins, það fyrsta fyrir sameinað sveitarfélag.

Enn ein rósin bætist í hnappagat okkar Snæfellinga þegar nesið var útnefnt fyrsti UNESCO vistvangurinn á Íslandi. Snæfellsnes hefur lengi verið þekkt fyrir öflugt samstarf, ríka umhverfisvitund og

sterka tengingu íbúa við náttúruna. Snæfellsnes hefur m.a. áunnið sér alþjóðlega umhverfisvottun EarthCheck í yfir 20 ár.

Á síðasta ári lagði sveitarfélagið áfram áherslu á göngustíga og umhverfisverkefni, sem hafa verið megin áhersla sveitarfélagsins undanfarin 5-6 ár, en þau verkefni styðja einnig við þá jákvæðu ímynd sem Stykkishólmur statar af. Meðal annarra verkefna sem hafa verið unnin má nefna endurbætur á opnum svæðum og uppbygging göngustíga, m.a. í skógræktinni og tengileiðir innan þéttbýlis. Þá hafa ný blómabeð, trjágróður og ný græn svæði í bland við áður nefndar framkvæmdir orðið til þess að bæjarmyndin hefur tekið framförum í ásýnd.

Þó framkvæmdir sveit-

arfélagsins skipti miklu máli, þá er það fyrst og fremst þáttur íbúanna sem skapar hér snyrtilegt umhverfi með þeirri jákvæðu ímynd sem því fylgir. Það er því vert að nota tækifærið og þakka ykkur, kæru íbúar, fyrir ykkar framlag í þessum efnum. Það er umhyggja ykkar fyrir húsum, gördum og nærumhverfi sem gerir bæinn okkar hlýlegan og fallegan og gerir hann að stað sem okkur þykir vænt um og er okkur öllum til sóma.

Á persónulegum nótum

Áramót eru oft tími uppgjors. Þótt árið 2025 hafi verið viðburðaríkt í starfi, þá var það jafnframt ár sem kenndi mér að horfa á hlutina í nýju ljósi.

Í upphafi árs fengum við Soffía tækifæri til að taka þátt í Þorablotnefnd Stykkishólms.

Þorablotið, sem fór fram í byrjun febrúar eins og áður sagði, var bæði skemmtilegt og afar gefandi verkefni – í raun algjör forréttindi að fá að vinna með góðu og hæfileikaríku fólki að viðburði sem sameinar bæjarbúa með þeim hætti sem ég hef komið inn á fyrr í þessum pistli. Fyrst og síðast minnti þessi reynsla mig á hversu dýrmætt það er að búa í góðu og samhentum samfélagi.

Tveimur vikum eftir þorablotið tók árið þó óvæntan snúning þegar Soffía mín veiktist alvarlega. Sá atburður hefur markað árið 2025 fyrir okkur fjölskylduna og minnt mig á það, af fullum þunga, hvað skiptir mestu máli í lífinu. Slíkir atburðir hafa óhjákvæmilega áhrif á mann inn á við, en hjálpa jafnframt til við að gera forgangsroðunina

skýrari sem og að minna mann á að vera þakklátur fyrir það sem maður hefur og fyrir þá sem standa manni nærri – því ekkert í þessu lífi er sjálfsagt.

Áskoranir lífsins eru margvíslegar, en þær eiga það sammerkt að þeir sem takast á við þær af jákvæðni og þrautseigju koma að jafnaði sterkari út úr slíkri lífsreynslu. Ég er sannfærður um að þessi reynsla muni styrkja okkur sem persónur og það eitt er dýrmætt.

Við Soffía höfum fundið fyrir miklum hlýhug, skilningi og stuðningi á árinu og fyrir það erum við afar þakklát.

Með þakklæti fyrir samvinnu, samtöl og samveru á árinu 2025 óska ég íbúum sveitarfélagsins, og landsmönnum öllum, farsældar og gleði á nýju ári.

Leitað eftir fólki í undirbúningsnefnd Danskra daga



Hverfagrill á Dönskum dögum 2024.

Danskir dagar verða næst haldnir 14.-16. ágúst 2026, þetta ke-

su fólki í undirbúningsnefnd fyrir hátíðina. Áhugasamir geta sent línu á danskirdagar@stykkisholmur.is eða sett sig í samband við Ólöfu Ingu Stefánsdóttur, formann félags atvinnulífs í Stykkishólmi. Danskir dagar voru síðast haldnir dagana 16.- 18. ágúst 2024. Áður hafði hátíðin verði færð fram í júní og tengd við Jónsmesuna. Árið 2024 fagnaði hátíðin 30 ára afmæli

og þótti því við hæfi að hafa hana á gamla tímanum, í ágústmánuði. Það mældist vel fyrir og var því ákveðið að halda því striki. Áfram eru Danskir dagar haldnir annað hvert ár til móts við Norðurljósahátíðina.

*Fréttir og umbrot
blaðsins annast
Jón Sindri Emilsson,
aðstoðarmaður
bæjarstjóra.*

Sorphirða í Stykkishólmi 2026



Janúar

S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

Febrúar

S	M	Þ	M	F	F	L
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28

Mars

S	M	Þ	M	F	F	L
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

Apríl

S	M	Þ	M	F	F	L
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

Maí

S	M	Þ	M	F	F	L
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Júní

S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

Júlí

S	M	Þ	M	F	F	L
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

Ágúst

S	M	Þ	M	F	F	L
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

September

S	M	Þ	M	F	F	L
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

Október

S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

Nóvember

S	M	Þ	M	F	F	L
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

Desember

S	M	Þ	M	F	F	L
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

Losunardagar geta breyst án fyrirvara, t.d. vegna veðurs. Þá verður losað við fyrsta mögulega tækifæri.



- Blandaður úrgangur og matarleifar
- Matarleifar
- Pappi, pappír og plast

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ